

ÁÁH-2019-01 – Sleðaferðir á Ströndum

Umsækjandi er Hótel Djúpavík ehf. Fyrirtækið rekur gistiheimilið í Djúpavík í Árneshreppi og hefur það áður fengið styrk. Verkefnið að þessu sinni snýst um að efla ferðaþjónustu tengda vélsleðaferðum, en fyrirtækið hefur boðið upp á þær síðan 2016. Sótt er um styrk til að styrkja innviði verkefnisins með gerð upplýsingablaða/bæklinga Kaup á búnaði: Öryggisbúnaði, endurnýjun staðsetningar- og samskiptatækja, hjálma, hjálmhljósa, flutningskerra aftan í snjósleða og annars mikilvægs búnaðar. Sótt er um styrk að upphæð kr. 700.000 Verkefnið fellur vel að markmiðum byggðaðróunarverkefnisins, það eykur þjónustu við ferðamenn og styrkir fjölbreytni og samstarf í ferðaþjónustunni.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr. árið 2019.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.

